

Fundargerð aðalstjórnar Ungmennafélags Grindavíkur

Fundurinn var haldinn í Gjánni og hófst kl. 17:30 mánudaginn 20. Júní 2022.

Mættir sjórnarmenn:

Klara Bjarnadóttir , Gunnlaugur Hreinsson, Kjartan Fr. Adólfsson og Ásgerður H Karlsdóttir

Mættur starfsmaður

Jón Júlíus Karlsson framkvæmdastjóri

Dagskrá:

1: Bréf frá Körfuknattleiksdeild Grindavíkur sem deildin óskar eftir að ungmennafélagið sendi til Grindavíkurbæjar vegna óskar um styrk vegna lagfæringar á A og B klefa sem meistaraflokkar karla og kvenna hafa afnot af og til breytinga á gamla anddyrinu til að nýta það fyrir þrek og styrktar aðstöðu.

Erindið var samþykkt og ætlar Jón Júlíus að koma bréfinu í réttar hendur.

2: Búningamál deildanna

Jón Júlíus ætlar að boða til fundar í vikunni með forsvarsmönnum knattspyrnu og körfuknattleiksdeildarinnar og Macron sem eru innflytjendur á Ítölskum íþróttavörum um samstarf þeirra í búningamálum.

Fundi slitið kl: 18:15

Ásgerður H. Karlsdóttir ritaði fundargerð